

Fundargerð 35. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar
14. maí, kl. 12:00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Sigurður Valur Ásbjarnarson, varastjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt.
2. Drög að ársreikningi fyrir árið 2008
Karlotta Aðalsteinsdóttir, löggiltur endurskoðandi, frá Ríkisendurskoðun fór yfir ársreikning fyrir árið 2008 og var hann samþykktur.
3. Samkomulag við Háskólavelli
Stjórn ræddi og samþykkti viðbót við kaupsamning við Háskólavelli er tekur á möguleikum til frestunar á greiðslum gagnvart vöxtum vegna skerts aðgengis að lánsfé í kjölfar efnahagshruns. Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá málum.
4. Kaupsamningur milli Gagnavörslunnar og Háskólavalla
Stjórn samþykkti breytingu á kaupsamningi við Háskólavelli er heimilar að taka kaupsamning við Gagnavörsluna ehf sem greiðslu fyrir eign að Grænásbraut 720. Stjórn fól jafnframt framkvæmdastjóra að ganga frá málum.
5. Samkomulag við Verne um lóðarleigu
Stjórn samþykkti breytingar á greiðsluákvæðum lóðarleigusamnings við Verne og fól framkvæmdastjóra að ganga frá málum.
6. Lóðarleigusamningur við Reykjanesbæ v. nikkelsvæðis
Stjórn samþykkti að gera lóðarleigusamning út frá almennum skilmálum við Reykjanesbæ um leigu á tæplega þriggja hektara spildu í jaðri svokallaðs nikkelsvæðis til endurleigu. Framkvæmdastjóra var falið að ganga frá málum.
7. Önnur mál
 - a. Ekkert var rætt undir liðnum önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Páll Sigurjónsson
Reynir Ólafsson

Stj AS